

**Þvi dæmist rétt vera:**

Stefndi, Bergsveinn Guðmundsson, greiði stefnendum, Sigurði Ólafssyni og Helga Péturssyni, kr. 5500.00 með 5% ársvöxtum frá 5. júní 1943 til greiðsludags og kr. 300.00 upp í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. maí 1946.

**Kærumálið nr. 6/1946. Eigendur jarðarinnar Þingness gegn**

**Landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs, eiganda jarðarinnar Hests,**

**og**

**Kirkjumálaráðherra sem fyrirsvarsmanni Reykhólts- og Hvanneyrarkirkna.**

Setudómari próf. Gunnar Thoroddsen í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Um valdsvið matsmanna samkvæmt 84. gr. laga nr. 112/1941.

**Dómur hæstaréttar.**

Héraðsdóm hefur upp kveðið Theódór B. Lindal hæstaréttarlögmaður sem setudómari í málinu ásamt samdómendunum Þorsteini Kristleifssyni og Þorvaldi T. Jónssyni.

Með kæru 30. marz s. l., er hingað barst 5. apríl s. l., hefur sóknaraðili samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 kært dóm landamerkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, upp kveðinn 26. marz s. l., þar sem vísað var frá dómi máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljum. Kærandi hefur ekki sent hæstarétti neina greinargerð né kröfur, en ætla má, að kært sé í því skyni, að héraðsdómurinn verði úr gildi felldur.

Varnaraðiljar hafa ekki borið fram neinar kröfur né greinargerð í málinu.

Skýra verður 84. gr. laga nr. 112/1941 á þá leið, að skera skuli úr með matsgerð ágreiningi um efni, er í 1. mgr. getur og risið hefur í sambandi við ákvæði nefndra laga um

fiskirækt, veiði og veiðiaðferðir. Hins vegar þykja ákvæði greinarinnar ekki taka til þess sakarefnis, sem hér liggur fyrir, þar sem aðilja greinir á um staðartakmörk veiðitaks. Ber úrlausn þess undir landamerkjadóm, sbr. 8. gr. laga nr. 41/1919. Verður því að fella hinn kærða dóm úr gildi og visa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

#### D ó m s o r ð :

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

#### Dómur landamerkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 26. marz 1946.

Mál þetta er höfðað samkvæmt beiðni Einars B. Guðmundssonar hrl. í Reykjavík f. h. eiganda jarðarinnar Þingness í Andakilshreppi í bréfi, dags. 7. júní 1944, og var þingfest í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu af Theódór B. Lindal hrl. seni setudómara 2. ágúst 1945.

Kærandi lýsti kröfum sínum á þessa leið:

Þingnessbændur krefjast þess, að þeir eigi veiði að hálfu á móti Hesti, þar sem lönd Þingness og Hests liggja saman að Grimsá, að undanteknum Laxfoss og Myrkhyl. Sérstaklega krefjast Þingnessbændur þess, að Þingnes eigi jafna veiði í Lambaklettsfljóti á móti Hesti.

Viðvikjandi Laxfossi eru kröfur þeirra þessar:

Að Laxfoss verði aðeins talinn ná frá suðurbakka árinna að Miðbergi og að hann takmarkist að ofan við efri brún aðalstallsins, en að neðan við neðri brún kersins fyrir neðan fallið, sem myndast af klöpp þeirri, er þar brýtur á.

Enn fremur skal þess getið til skýringar, að þeim er ekki kunnugt um annað en að Þingnes eigi ótalið allan rétt á Myrkhyl, og sama er um svonefnda Smáfossa fyrir ofan hann. Áskilinn er réttur til frekari krafna, ef tilefni verður.

Þá krefst ég, (svo) að þeim verði til dæmdur allur kostnaður, sem af máli þessu leiðir, svo sem það væri eigi gjafsóknarmál, eftir mati dómsins, þar með talin hæfileg málssóknarlaun til mín.

Fyrir málsaðilja á hina hlið, þ. e. landbúnaðarráðherra f. h. jarðarinnar Hests og kirkjumálaráðherra sem fyrirsvarsmann Reykholtskirkju og Hvanneyrarkirkju, setti Sveinbjörn Jónsson hrl. fram svofelldar kröfur á dómþingi, sem haldið var 30. ágúst 1945:

Af hálfu Hests aðallega: Að jörðinni Hesti verði dæmd öll veiði í Grimsá sunnan miðlinu árinna, að Laxfossi undanskildum, eins

og hann kann að verða ákveðinn af réttinum, en til vara, að eigendum Þingness og Hests verði talin jafnheimil veiði í ánni, þar sem hún rennur milli landa téðra jarða, að undanskildum Laxfossi, eins og segir í aðalkröfu. Enn fremur krefst ég f. h. umbjóðanda míns málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati réttarins.

Af hálfu kirkjumálaráðuneytisins: Að takmörk fossins, þ. e. Laxfoss í Grímsá, verði ákveðin frá efstu brún fossins, eins langt niður eftir ánni og nokkurra straumsáhrifa gætir frá fossinum, og að hann verði ákveðinn ná þvert yfir ána milli landa. Enn fremur krefst ég, að málshefjendur verði dæmdir til að greiða umbjóðanda mínum hæfilegan málskostnað eftir mati réttarins.

Sátta var leitað árangurslaust að því sinni, en málinu frestað með samkomulagi til frekari sáttatilaunar og athugunar.

Á dómþingi 26. marz 1946 tókst með aðiljum svofelld sátt:

Eigendum Hests og Þingness er jafnheimil veiði í Grímsá, þar sem hún rennur landa jarðanna á milli, að Laxfossi undanskildum, eins og hann kann að verða ákveðinn með endanlegum dómi eða mati.

Aðiljar viðurkenna, að eignarhlutföll veiðiréttar í Laxfossi séu þessi:

Reykholtskirkja á  $\frac{5}{8}$  hluta,  
 Hvanneyrarkirkja á  $\frac{1}{8}$  hluta,  
 Jörðin Hestur á  $\frac{2}{8}$  hluta,

Ágreiningur er því aðeins um staðartakmörk Laxfoss, að því er veiði snertir að ofan og neðan, svo og Þingnessmegin.

Sátt var reynd um þenna ágreining árangurslaust.

Voru þá, eftir að munnlegur málflutningur hafði verið ákveðinn, undirritaðir meðdómsmenn kvaddir til setu í dómnum.

Dómurinn ákvað, að formhlið málsins yrði tekin til sérstakrar athugunar, þótt engin krafa aðilja um frávisun hefði komið fram.

Samkvæmt kröfum þeim, sem nú eru gerðar í málinu, en þær eru, eins og að framan greinir, aðeins um, að staðartakmörk Laxfoss sem veiðisvæðis verði ákveðin, er hér aðeins deilt um staðartakmörk ítaks. Slíkur ágreiningur fellur að visu almennt undir úrskurð landamerkjadóms, sbr. 8. gr. laga nr. 41/1919 um landamerki o. fl. En í lögum nr. 112  $\frac{1}{10}$  1941 um lax- og silungsveiði er afdráttarlaust boðið, sbr. 1. mgr. 84. gr., að ef menn greinir á um: „... takmörk fiskihverfis .. foss ... eða veiðistaðar ... eða önnur slík ákvæði laga þessara, og skal þá skera úr þeim ágreiningi með matsgerð.“ Ágreiningur sá, sem hér er um að ræða, virðist beinlinis falla undir téð ákvæði. Það verður og eigi heldur talið neitt einsdæmi né fara í bág við stjórnarskrána, þótt tiltekin ákvæði varðandi eignarrétt séu dregin undan valdi dómstóla og fengin sérstökum aðiljum eða sérdómstólum til meðferðar, einkum þegar um er að ræða efni, þar sem sér-

þekkingar eða þekkingar á staðháttum er brýn þörf. Framan-  
greindu ákvæði laxveiðilaganna virðist því bera að beita hér, og  
leiðir af því, að visa ber málinu frá dómi ex officio.

Kærendur, eigendur Þingness, hafa fengið gjafsókn í málinu.  
Laun skipaðs talsmanns þeirra, Einars B. Guðmundssonar hrl.,  
ákveðast kr. 1000.00, er greiðist úr ríkissjóði.

Ferðakostnaður meðdómsmanna og dagpeningar nema kr. 480.00  
og skiptast þannig, að E. B. Guðmundsson f. h. eigenda Þingness  
greiðir kr. 240.00, en ríkissjóður sem eigandi Hests kr. 60.00.  
Kirkjumálaráðherra f. h. Hvanneyrarkirkju kr. 30.00 og sami f. h.  
Reykholtskirkju kr. 150.00.

Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

#### D ó m s o r ð :

Máli þessu visast frá dómi. E. B. Guðmundssyni hrl., skip-  
uðum talsmanni eigenda Þingness, bera kr. 1000.00 í máls-  
sóknarlaun úr ríkissjóði.

Dagpeninga og ferðakostnað meðdómsmanna, kr. 480.00,  
greiði aðiljar þannig: E. B. Guðmundsson f. h. eigenda Þing-  
ness greiði kr. 240.00, ríkissjóður sem eigandi Hests greiði  
kr. 60.00, kirkjumálaráðherra f. h. Hvanneyrarkirkju greiði  
kr. 30.00 og sami f. h. Reykholtskirkju kr. 150.00. Að öðru  
leyti fellur málskostnaður niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga að viðlagðri  
aðför að lögum.

Mánudaginn 6. maí 1946.

Nr. 21/1946. **Hedvig D. Blöndal** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)  
gegn

**Páli Zóphóníassyni og gagnsök**  
(Hrl. Magnús Thorlacius).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason  
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Húsaleigmál. Um rýming húsnæðis.

#### Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar  
með stefnu 12. febrúar þ. á. Hefur hún krafizt þess, að úr-  
skurður húsaleigunefndar Reykjavíkur, upp kveðinn 15.